

Síðdegishressing í Þrykkjunni

Haustið 2023 verður boðið upp á þá nýbreytni í Þrykkjunni að hún opnar kl. 14:20 strax og skóla lýkur og er opin fyrir alla nemendur í 5. – 10. bekk fram til 16:00 en þá tekur við ýmist almenn opnun eða opnun fyrir einstaka hópa.

Í Þrykkjunni geta nemendur lært, spjallað, leikið sér ásamt ýmsu öðru og sótt aðrar frístundir þaðan. Einnig geta foreldrar þeirra skráð þá í síðdegishressingu og þá býðst nemendum að fara í mötuneyti skólans og fá síðdegishressingu sambærilega þeirri og boðið er upp á í Kátakoti. Til að byrja með og meðan verið er að forma frekara fyrirkomulag verður verðið fyrir síðdegishressinguna það sama og fæðisgjaldið í Kátakoti.

Fæðisgjald fyrir síðdegishressingu er kr. 148 krónur á dag.

Hægt er að skrá barn í síðdegishressingu í Þrykkjunni einstaka daga í vikunni eða alla daga vikunnar

Gjaldskrá fyrir síðdegishressingu fylgir vísitölu neysluverðs og er uppreiknuð 1. ágúst ár hvert.